

Fornleifar á Akureyri

Stefna um friðun, rannsóknir og kynningu

Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson

**Minjasafnið á Akureyri
Fornleifastofnun Íslands
FS035 - 95026
Akureyri 1997**

Efni:

1. Kafli <i>Inngangur</i>	3
2. Kafli <i>Sveitarfélög, fornleifar og skipulag</i>	5
Verndun og skráning fyrr og nú	5
Fornleifavernd á vegum sveitarfélaga	10
Nýskipan fornleifavörslu.....	12
Lögverndun minja	13
Hlutverk sveitarfélaga við framkvæmd laganna.....	15
Fornleifaskráning í þágu skipulagsvinnu	16
Hvað eru fornleifar?	16
3. Kafli <i>Stefnumótun</i>	18
Hversvegna stefna í fornleifavernd?.....	18
Friðun minja á Akureyri	19
Boðleiðir.....	20
Útgáfa	22
Rannsóknir	22
Útvist - kynning. Ferðamenn og minjar	24
4. Kafli <i>Tillaga að stefnu í fornleifavernd</i>	27

1. Inngangur

Aðalskráning fornleifa á Akureyri hófst sumarið 1996 og ráðgert er að henni ljúki árið 1999. Jafnhliða skráningarstarfi hefur Fornleifastofnun Íslands, í samstarfi við Minjasafnið á Akureyri og Skipulagsdeild Akureyrarbæjar unnið að stefnumörkun í verndun, rannsóknum og kynningu fornleifa. Er þessi stefnumörkun unnin samhliða öðrum þáttum aðalskipulagsvinnu sem nú stendur yfir á vegum bæjaryfirvalda á Akureyri. Sú stefna sem hér er birt er unnin í anda nýrra skipulagslaga er taka munu gildi árið 1998. Samkvæmt hinni nýju löggjöf er hlutverk aðalskipulags að samræma ólíka málaflokka í héraði og móta um þá stefnu til langstíma. Einn þessara málaflokka er umhverfisvernd og undir hann fellur m.a. fornleifavarsla. Þær tillögur sem hér eru kynntar eiga sér ekki fordæmi úr öðrum byggðalögum og ekki er stuðst við erlendar fyrirmynndir, enda er ekki að finna sambærilegar aðstæður í málefnum fornleifaverndar í nágrannalöndunum. Þó að þessi umfjöllun sé nýstárleg, er henni ekki ætlað að vera alvörulaust hjal um hvernig haga megi fornleifavernd í héraði í komandi framtíð, heldur er hér leitast við að taka á mjög brýnum og alvarlegum umhverfisvanda. Á Akureyri sem víðar hefur gríðarlegum fjölda minja verið spilt við framkvæmdir á síðustu árum og áratugum og heldur sú eyðilegging áfram þrátt fyrir að ný viðhorf hafi rutt sér til rúms í almennri umhverfisvernd. Hlutverk sveitarfélaga í ýmsum þáttum stjórnsýslu hefur snaraukist á síðustu árum og munu þau án efa láta meira til sín taka á sviði fornleifaverndar. Þó er enn langt í land að sveitarstjórnunum takist að rækja þetta nýja hlutverk á markvissan og árangursríkan hátt, en þessari skýrslu er ætlað að vera áfangi á þeirri leið.

Hér verða tekin saman helstu grundvallaratriði sem snúa að stefnumótun í friðun, rannsóknum og kynningu á fornleifum á Akureyri. Forsendur fyrir því að unnt sé að vinna slíkri stefnumótun eru einstaklega góðar á Akureyri, enda hefur þar verið unnið meira og fjölbreyttara fornleifaskráningarstarf en annarsstaðar á landinu. Á Akureyri var gerð svæðisskráning fornleifa 1994-1995 og unnin úttekt á heimildum og gögnum um fornleifar¹, þar voru fyrstu deiliskráningarverkefnin unnin 1995² og 1996³, og aðalskráning stendur yfir⁴. Auk

1. Adolf Friðriksson, Birna Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson (1995):

Fornleifaskráning á Akureyri. Greinargerð um stefnu, aðferðir og framkvæmd, Minjasafnið á Akureyri - Fornleifastofnun Íslands, FS010-95081, Akureyri.

2. Birna Gunnarsdóttir (1995): *Fornleifaskráning í Eyjafirði IV: Deiliskráning*

þessa liggar fyrir svæðisskráning alls Eyjafjarðarhéraðs á vegum héraðsnefndar og Akureyrarbær hefur einnig látið vinna úttekt á minjastaðnum á Gáseyri með hliðsjón af uppbyggingu ferðajónustu í héraðinu⁵. Reynslan af þessum verkefnum öllum hefur nýtst beint við gerð þessarar skýrslu og hafa þau því verið nauðsynlegur undanfari að þeirri stefnumótun á svið fornleifaverndar sem hér er kynnt. Í 2. kafla er leitast við að skýra hlutverk sveitarstjórna í fornleifavernd. Þar er rakin þróun fornleifaverndar í íslenskri stjórnsýslu frá upphafi til okkar daga. Þar er greint frá löggjöf um verndun fornleifa og fjallað um stöðu fornleifaverndar. Í 3. kafla er gerð grein fyrir helstu forsendum skilvirkrar minjaverndar á vegum Akureyrarbæjar og í 4. kafla er lögð fram tillaga að stefnu bæjarins í fornleifavernd.

Við gerð þessarar skýrslu nutu höfundar aðstoðar starfsmanna Minjasafnsins á Akureyri og kunna þeim bestu þakkir fyrir.

Naustahverfis, Fornleifastofnun Íslands & Minjasafnið á Akureyri, FS004-95021, Akureyri.

3. Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1996): *Fornleifaskráning í Eyjafirði VII: Deiliskráning í Krossaneshaga*, Minjasafnið á Akureyri & Fornleifastofnun Íslands, FS017 - 95024, Akureyri.

4. Nú liggja fyrir tveir áfangar af þemur: Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1996): *Fornleifaskráning í Eyjafirði VI: Fornleifar í landi Nausta, Hamra og Kjarna*, Fornleifastofnun Íslands & Minjasafnið á Akureyri, FS010-95023, Akureyri; Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1997): *Fornleifaskráning í Eyjafirði: Fornleifar í landi Stóra-Eyrarlands og Kotár*, Minjasafnið á Akureyri & Fornleifastofnun Íslands, FS034-95025, Akureyri.

5. Adolf Friðriksson, Birna Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson (1995): *Fornleifar og ferðamál í Eyjafirði: Rannsóknir og kynning á Gásakaupstað*, Fornleifastofnun Íslands & Minjasafnið á Akureyri, FS009-95061, Akureyri.

2. Kafli Sveitarfélög, fornleifar og skipulag

Staða fornleifaverndar í íslenskri stjórnsýslu hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum. Er minjavernd meðal þeirra málaflokka sem hafa verið að færast frá ríkisvaldinu til sveitarstjórna ásamt t.d. skóla- og heilbrigðismálum. Öfugt við slíka málaflokka liggur afarlítið efni fyrir um þetta nýja hlutverk sveitarfélaganna, og er það því enn óljóst og ómótað í hugum flestra. Hér verður því leitast við að gefa ýtarlegt yfirlit um þróun fornleifavörslu hér á landi og raktir saman þættir rannsókna, verndar og skipulagsgerðar.

Hlutverk sveitarfélaga í fornleifavernd er tiltölulega nýtilkomið og saga sambúðar fornleifaverndar og skipulagsgerðar hér á landi er einnig afar stutt. Fyrstu þreifingar í þessa átt voru í sambandi við mat umhverfisáhrifa af stóriðju við Eyjafjörð á 8. áratugnum en ekki var þó fjallað skipulega eða á vísindalegan hátt um þátt menningarsögulegra verðmæta í skipulagsgerð eða við mat á umhverfisáhrifum fyrr en Skipulag ríkisins hóf tilraunaverkefni á sviði umhverfismats í Mývatnssveit árið 1991. Þar var leitast við að þroa aðferðir og kynna sjónarmið fornleifaverndar. Þó að fornleifakönnun margskonar hafi verið stunduð hér á landi í hartnær 200 ár, voru fornleifafræðingar vanbúnir til þáttöku í þróunarstarfi af þessu tagi, enda var kerfisbundin skráning fornleifa skammt á veg komin. Á síðustu árum hefur hinsvegar tölувert starf verið unnið á þessu sviði og forsendur skapast fyrir því að tekið sé á málum þessum á markvissan hátt. Hér verður í stuttu máli rakin saga verndunar og skráningar á landsvísu og greint frá stöðu þeirra mála nú.

Verndun og skráning fyrr og nú

Það er eitt helsta einkenni íslenskrar fornleifafræði að rannsóknir og verndun hafa takmarkast við einstaka minjastaði. Rannsóknir hafa sjaldan náð til minjahópa eða stórra landsvæða. Einnig er sjaldgæft að fræðimenn eða aðrir sem við minjavernd fást hafi stuðst við skráningu á fornleifum sem aðferð eða upplýsingasafn við rannsóknir eða minjavörslu. Skýringin á þessu er einföld: Á Íslandi er ekki til nein heildarskrá yfir þekktar fornleifar eins og víða er að finna í öðrum löndum. Skipuleg skráning fornleifa á Íslandi fór fyrst fram á vegum Konunglegu dönsku fornminjanefndarinnar. Árið 1817 sendi hún út spurningalista til allra sóknarpresta í landinu og svör þeirra eru eina heildstæða yfirlitið sem til er um um íslenskar fornleifar. Spurningar nefndarinnar og svör prestanna fjölluðu einkum um fornleifar er vörðuðu nafnkunna

menn og atburði. Í kjölfar þessa voru 10 fornminjar friðlýstar, hinar fyrstu í sögu minjaverndar á Íslandi. Voru þar á meðal sex steinar með rúnaáletrunum, en einnig forn mannvirki líkt og Snorralaug í Reykholti og meintur dómhringur á Þingvöllum á Þórsnesi. Fornleifaneftnd sat í Kaupmannahöfn og stýrði varðveislaumálum þaðan. Á fyrri hluta 19. aldar var engin stofnun á Íslandi sem hélt við þessu starfi og engin áform voru uppi um slíkt. Undir miðja öld var annarri fornleifaskráningu ýtt úr vör og var það að frumkvæði Íslendinga. Hið íslenzka bókmenntafélag, sem þá var öflugasta menntastofnun þjóðarinnar, sendi sóknarprestum spurningalistu árið 1838, en viðbrögð þeir voru öllu minni en fyrr á öldinni, og töldu margir þeirra engar fornleifar að finna í sínum sóknum.

Er líða tók á öldina fór þjóðerniskennd Íslendinga vaxandi og henni fylgdi aukinn áhugi á fortíð þjóðarinnar. Í vísendum og fræðum birtist þessi áhugi einkum í rannsóknum á fornsögum, en jafnframt var sjónum beint að staðháttum og fornleifum sem hægt var að fella saman við lýsingar í fornritum. Fornleifakönnun fluttist af höndum presta til sérfróðra manna. Einnig komu Íslendingar á fót tveimur merkum stofnunum sem enn halda velli. Árið 1863 var Forngrípasafn Íslands stofnað og er það forveri þjóðminjasafnsins. Forngrípasafnið vann ötullega að varðveislu og söfnun forngripa en verndun og rannsóknir á fornum mannvirkjum var afar takmörkuð. Hið íslenzka fornleifafélag var stofnað 1879 og á vegum þess fóru fornfræðingar í rannsóknarleiðangra víðsvegar um landið næstu þrjá áratugina. Þar voru í broddi fylkingar Sigurður Vigfússon og síðar Brynjúlfur Jónsson. Markmið þeirra var að glæða áhuga almennings á fornleifum og þeir fundu einkum fornleifar sem þeir töldu að gætu skýrt einstakar frásagnir í Íslendingasögum eða varpað ljósi á þjóðskipulag Íslands á söguöldinni. Þeir Sigurður og Brynjúlfur skráðu ógrynni rústa og birtu niðurstöður sínar jafnharðan í Árbók fornleifafélagsins, en höfðu nær eingöngu áhuga á rústum sem þeir töldu vera frá elstu tíð, enda mótuðust hugmyndir þeirra mjög af fornsögum. Um síðustu aldamót voru einnig á ferð hér danski kafteinninn Daniel Bruun og skáldið Þorsteinn Erlingsson. Þeir voru einnig félagar í Fornleifafélaginu, og beittu þeir til muna hlutlægari aðferðum en þeir Sigurður og Brynjúlfur höfðu gert. Báðir reyndu þeir að lýsa og skilgreina tegundir fornleifa og Bruun gerði fyrstur manna skipulegar rannsóknir á landbúnaðarminjum og byggingarlagi íslenskra torfhúsa.

Eftir árangursrík skráningarverkefni hinnar konunglegu nefndar til verndunar fornleifa 1817-1823 og síðan Fornleifafélagsins 1880-1907, dró mjög úr því að farið væri í leiðangra og fornleifa leitað og þær skráðar og kortfærðar. Einnig hafa upplýsingar um fornleifar úr þessum athugunum haft takmarkað notagildi í stjórnsýslu því þær hafa ekki verið mjög aðgengilegar. Skýrslur konunglegu nefndarinnar voru ekki gefnar út á sínum tíma og voru varðveittar í Kaupmannahöfn. Rannsóknir Fornleifafélagsins voru að vísu prentaðar jafnóðum, en skýrslurnar eru í hálfgerðu dagbókarformi sem inniheldur samtíning af ólíkum upplýsingum og getur því verið snúið að nota þær sem minjaskrár. Árið 1907 tók fornleifavernd stakkaskiptum frá stjórnsýslulegu sjónarmiði. Þá var stofnað embætti þjóðminjavavarðar og tók Matthías Þórðarson fyrstur við því starfi. Var þá rekstri þjóðminjasafns komið á traustan grunn. Jafnframt fékk þjóðminjavörður lögbundið umboð til að friðlýsa einstaka minjastaði. Engar friðlýsingar voru gerðar fyrstu áratugina, en á árunum 1926-1930 voru nokkur hundruð minjastaða tekin á skrá um friðlýstar fornleifar. Kerfisbundnu skráningarstarfi var að öðru leyti lítið sinnt á vegum safnsins fyrstu áratugina eftir að það tók við rannsóknarhlutverki Fornleifafélagsins. Svo kann að virðast að samanlögð skráning síðustu 200 ára hafi skilað miklum fjölda minja á skrá, en svo er ekki. Oft er um sömu minjastaði að ræða, og gjarnan þá sem margir hafa getið í ferðasögum sínum eða öðrum skrifum. Í skráningu konunglegu nefndarinnar voru um 700 staðir, í skýrslum fornleifafélagsins eru um 1000 staðir og þjóðminjasafnið tók um 700 af þessum sömu stöðum á friðlýsingarskrá á fyrri hluta aldarinnar. Þar til nýlega hefur ekki verið unnt að áætla hve margar minjar eru í landinu öllu, og lengstum hefur vantað upplýsingar um ástand og fjölda einstaka minjahópa. Pekking á dreifingu minja, fjölda þeirra og gerð er grundvöllur fornleifarannsókna og minjaverndar. Er Matthías Þórðarson létt af embætti 1947 hafði hann ekki farið í skráningarferðir í langan tíma og var þá rúmur áratugur liðinn frá því hann bætti síðast minjastað við friðlýsingaskrána. Er Kristján Eldjárn tók við embætti þjóðminjavavarðar var hann á kafi í kumlarannsóknum. Skiluðu þær ekki einungis merku undirstöðuriti um grafsiðu í fornöld heldur var með kumlatali Kristjáns komið lagi á skráningu á einum flokki minja á landinu öllu. Lauk hann við skráningu á þessum minjaflokki eftir heimildum og með vettvangsrannsóknum árið 1956 og nú 40 árum síðar stendur kumlaskrá hans eftir sem rækilegasta skrá um íslenskar minjar sem völ er á⁶. Í

⁶. Kristján Eldjárn (1956): *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*, Akureyri.

embættistíð hans sinnti þjóðminjasafnið hinsvegar almennri fornleifaskráningu lítið, en áhugi leikmanna vakti enn í sveitum landsins og Fornleifafélagið birti árangurinn af starfi þeirra⁷. Þó minjastaðaskráning hafi verið takmörkuð var engin ládeyða í skráningarmálum á vegum þjóðminjasafns á öðrum menningarsögulegum sviðum. Mikill kraftur var í örnefnasöfnun á þessum árum, bæði á vegum safnsins og fornleifafélagsins, og þá hófst einnig söfnun þjóðháttar árið 1959. Vettvangsathuganir á vegum safnsins jukust stórlega og voru það einkum eftirlitsferðir og rannsóknir, en ekki kerfisbundin skráning minja eða minjakortagerð í vísindaskyni. Gamlar friðlýsingar héldu enn gildi sínu og var áhugi á að gera meira en gefa út þinglýst skjöl til að varðveita minjanar. Þjóðminjavörður réðst í að útbúa friðlýsingarmerki 1964 og næstu árin á eftir var farið á friðlýsta staði og þeir merktir⁸. Í ársskýrslu um safnið fyrir árið 1963 segir Kristján að: "engum vafa er bundið, að brýna nauðsyn ber til að vinna slíkt verk, endurskoða allar eldri friðlýsingar, friðlýsa fleiri staði eftir því sem þörf þykir, og merkja alla friðlýsta staði sérstöku friðlýsingarmerki"⁹. Minna varð úr þessum áformum en til stóð. Hefur þjóðminjavörður orðið fyrir vonbrigðum er hann heimsótti staði sem friðlýstir höfðu verið fyrr á öldinni. Fjölda staða hafði verið spillt¹⁰ og í sumum tilfellum var lögbundin friðlýsing byggð á

7. Hér má nefna skráningu örnefna og minja sem Jakob H. Líndal gerði á jörð sinni Lækjamóti í Víðidal 1948 (Jakob H. Líndal, "Um forn mannvirki og örnefni á Lækjamóti í Víðidal", *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, 1949-1950 (útg. 1951), bls. 78-101), og skráningu eyðibýlaminja í Helgafellssveit, sem var gerð af Guðbrandi Sigurðssyni (Guðbrandur Sigurðsson, "Eyðibýli í Helgafellssveit", *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, 1955-1956 (útg. 1957), bls. 44-65). Eina skráning þjóðminjasafns á þessum tíma var eyðibygðaskráning í Þjórsárdal 1951-53. Skráin var prentuð 1954, og hefur þjóðminjasafn ekki gefið út fornleifaskrá af því tagi síðan, sjá: Gísli Gestsson og Jóhann Briem, "Byggðarleifar í Þjórsárdal"», *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, 1954, bls. 5-22.

8. Kristján Eldjárn, « Skýrsla um þjóðminjasafnið 1964 », *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, 1965 (útg. 1966), bls. 154.

9. Kristján Eldjárn, « Skýrsla um þjóðminjasafnið 1963 », *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, 1964 (útg. 1965), bls. 149.

10. Í könnun sem gerð var 1981-1982 kom í ljós að um 25% minja hafði verið eyðilögð

misskilningi þar eð ekki hafði verið gerð athugun á vettvangi í tilefni friðlýsingar, heldur eingöngu byggt á eldri umsögnum fornleifakönnuða Fornleifafélagsins. Merking friðlýstra minja hófst engu að síður og hefur verið haldið áfram síðan. En endurskoðun eldri friðlýsinga er enn ekki hafin. Þó má með sanni segja að í verki hafi friðlýsingarstefnan verið endurskoðuð. Á árunum 1948-1963 voru aðeins 5 nýjir staðir teknir á friðlýsingarskrá. Árin 1964 og 1966 gerði þjóðminjavörður átak og friðlýsti alls 20 staði. Þegar skoðað er hvers konar staði hann friðlýsti og þeir bornir saman við eldri friðlýsingar blasir þessi stefnubreyting við. Í stað sögustaða, hofa og dómhingga er nú ráðist í að friðlýsa bæjarhóla, fjárborgir, réttir og minjar frá 19. öld. Á sama tíma óx og dafnaði þjóðháttaskráning og örnefnasafnið varð að Örnefnastofnun. Í báðum þessum flokkum var verið að safna af krafti heimildum um lokaskeið gamla landbúnaðarsamfélagsins. Þessar vísindagreinar voru nútímalegar í þeim skilningi að áhuginn var ekki lengur aðeins bundinn við þjóðveldið, heldur var kappsamlega unnið að söfnun og varðveislu heimilda um líf og samfélag síðari tíma sem voru óðum að hverfa. Hvers vegna var ekki sami kraftur á skráningu fornleifa? Hér er vert að gera samanburð. Örnefni og þjóðhættir eru ekki áþreifanlegar "fyrirstöður" í landslaginu sem koma í veg fyrir að framkvæmdagleði bænda fái notið sín til hins ýtrasta við að breyta búi sínu úr járnaldarbýli í nútímabæ. Ekki þurfti að friðlýsa þessar heimildir, heldur aðeins hafa upp á þeim með bréfaskiptum eða vettvangsvinnu. Við opinbera skráningu fornleifa var hinsvegar einungis ein aðferð: friðlýsing eða ekki neitt, utan vinsamlegra tilmæla um að minjastað væri hlíft ef þess væri nokkur kostur. Við friðlýsingaskrá bættist því einungis einn og einn staður, þrátt fyrir að fjölmargir nýjir minjastaðir hafi fundist. Eflaust hafa menn hikað við að setja þær kvaðir á ábúendur sem friðlýsingu fylgja, nema þar sem allra brýnast var talið. Þessi vandi verður þeim mun snúnari sem minjarnar eru yngri og ósamræmið meira við þá söguskoðun að merkilegar minjar séu einungis minjar þjóðveldisaldar. Að allsherjarsöfnun örnefna og þjóðhátta var unnið af kappi, en einungis var reynt að halda til haga litlu úrvali minjastaða.

eða raskað, sbr. Ágúst Ólafur Georgsson, « Könnun um friðlýstar fornleifar », *Ljóri*, V, 1, 1984, bls. 19.

Árið 1969 voru samþykkt ný lög, þjóðminjalög, er felldu lög um verndun fornmenja frá 1907 úr gildi¹¹. Nýju lögin voru merkur áfangi fyrir stofnunina, sem hafði starfað án sérstakrar löggjafar áratugum saman, enda snérust lögin frá 1907 um fornleifar en ekki embætti. Í nýju lögnum voru því allmög ákvæði um skyldur embættisins sem ekki voru í fyrri lögum. Hinsvegar voru engar nýjungar um verndun eða skráningu fornleifa. Sem fyrr voru fornleifar "sem þjóðminjavörður telur ástæðu til að friða" þær einu sem nutu friðhelgi með lögum. Sama gilti um fornleifaskráningu: eingöngu friðlýstar minjar voru færðar á fornleifaskrá.

Fyrstu árin eftir að ný þjóðminjalög tóku gildi var engin skráning unnin í landinu og rétt rúmlega tugur minjastaða bættist við hina svokölluðu fornleifaskrá. Gildandi löggjöf lagði hvorki skyldur né kvaðir á herðar þjóðminjavörslunnar um allsherjarskráningu. Var slíkt einfaldlega talið óþarfi eða jafnvel óviðráðanlegt. Hvað sem því líður var áhugi á þessari vísindagrein heldur vaxandi meðal einstaklinga sem létu sig menningarsögu og umhverfisvernd einhverju varða.

Fornleifavernd á vegum sveitarfélaga

Í upphafi áttunda áratugarins kom kippur í fornleifaskráningarmálin. Er Mývatnssveit var friðuð með lögum árið 1974, hófst skipulagt rannsóknarstarf á vegum Náttúruverndarráðs á lífríkinu við Mývatn og landinu umhverfis. Þá vann Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur og áhugamaður um fornleifar skrá yfir fornleifar í Skútustaðahreppi 1975-1977 og markar sú skrá tímamót í fornleifavernd á Íslandi. Byggir skráin á vandaðri heimildakönnun, viðtölum við ábúendur og vettvangsrannsóknum þar sem kannaður var fjöldi tófta. Fylgdi skýrslunni minjakort er sýndi fornleifar á hverri jörð í Skútustaðahreppi. Er Minjalýsing hans rækilegasta yfirlit um fornleifar í hreppnum sem völ er á¹². Althyglisverð er sú niðurstæða skráningarinnar að í Mývatnssveit einni hafi fundist 220 minjastaðir, en til þessa var engum ljóst hve margar minjar gæti verið að vænta á einstökum landsvæðum¹³. Skýrslan um minjar í Mývatnssveit var

11. *Stjórnartíðindi*, A, Þjóðminjalög, 52/1969.

12. Helgi Hallgrímsson, *Minjalýsing Mývatnssveitar*, ópr, Náttúruverndarráð, 1977.

13. Nú er hafin fornleifaskráning í hreppnum á ný og talið er að þar sé að finna a.m.k. 1250 minjastaði, sbr. Orri Vésteinsson (1996): *Fornleifaskráning í*

aldrei prentuð og ekki varð framhald á skráningarstarfi af þessu tagi hjá Náttúruverndarráði, sem einbeitti sér hinsvegar að skráningu og verndun náttúruminja.¹⁴

Skútustaðahreppi I: Fornleifar á Hofstöðum, Helluvaði, Gautlöndum og í Hörgsdal,
Fornleifastofnun Íslands, FS022-96011, Reykjavík.

¹⁴. Helgi vann síðar sambærilega skráningu í Austurdal í Skagafirði vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda þar, í Eyjafirði vegna fyrirhugaðrar stóriðju og á Tjörnesi, sbr. Helgi Hallgrímsson, 'Söguminjar' *Náttúrufarskönnum á virkjunarsvæði Héraðsvatna og Jökulár eystri í Skagafirði*, Orkustofnun, Reykjavík 1982. Helgi Hallgrímsson o.fl. *Vesturströnd Eyjafjarðar. Náttúrufar og minjar*, Náttúrufræðistofnun, Akureyri 1982.

Um svipað leyti og Helgi vann að minjalýsingu Skútustaðahrepps vann Kristján Eldjárn að skráningu minja í kringum forsetabústaðinn að Bessastöðum á Álftanesi. Er hann birti loks "Minjaskrá" yfir sýnilegar minjar í landi Bessastaða, var ljóst hvað fyrir honum vakti: Vildi hann hvetja yngri kynslóðir fornleifafræðinga til að hefja fornleifaskráningu af krafti. Í inngangi að skránni getur hann þess að margar minjar hafi horfið við jarðrækt og aðrar framkvæmdir. Ennfremur minnir hann á að sumum minjum sé ekki hætta búin en aðrar í yfirvofandi hættu. Segir hann því minjaskráningu samkvæmt nýjum viðhorfum mjög brýna og telur að vænlegast væri að gera þar um stefnuskrá og vinna eftir henni¹⁵.

^{15.} Kristján Eldjárn (1981 (útg. 1982)) "Örnefni og minjar í landi Bessastaða á Álftanesi", *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, bls. 132-147.

Árið 1980 hefst nýr kafli í sögu fornleifaverndar, er Guðmundur Ólafsson deildarstjóri fornleifadeildar þjóðminjasafns hóf baráttu fyrir heildarskráningu fornleifa. Hvattí hann starfssystkyn til að vinna að þessu málefni af kappi og kynnti gildi þess fyrir yfirvöldum og almenningi¹⁶. Þá hófst skráning fornleifa innan marka einstakra sveitarfélaga. Voru allnokkur skráningarverkefni unnin á næstu árum, á vegum þjóðminjasafns, sveitarfélaga eða jafnvel erlendra vísindamanna. Í fyrstu voru einkum skráðar minjar í sveitarfélögum í nágrenni Reykjavíkur, þar sem uppbygging og framkvæmdir er hafa jarðrask í för með sér er hvað mest, en skráningarverkefnum þessum var hvergi lokið að fullu¹⁷. Frá þessum árum eru til skráningargögn úr Seltjarnarnesbæ, Reykjavík, Mosfellsbæ, Garðabæ, og Hafnarfirði, en auk þess var unnið að skráningu í Biskupstungum, Stykkishólmi, Arnarneshreppi og Norðfirði¹⁸. Allt þetta skráningarstarf byggði á þeirri afstöðu að svonefnd fornleifaskrá, þ.e. skrá um friðlystar minjar væri engan veginn fullnægjandi undirstaða fyrir fornleifavernd í landinu. Í stað þess að tína til einstaka "merkilega" minjastaði var nú lagt kapp á að finna allar sýnilegar minjar og stuðla að varðveislu þeirra með því að koma þeim kerfisbundið á skrá yfir hvert sveitarfélag.

16. Guðmundur Ólafsson, « Fornleifaskráning », *Skipulagsmál höfuðborgarsvæðisins*, IV, 1, 1983, bls. 11-14 ; - « Fornleifaskráning í Reykjavík », *Landnám Ingólfss.* Nýtt safn til sögu þess, III, 1986, bls. 211-218 ; - « Fornleifaskráning og fornleifavernd », *Sveitarstjórnarmál*, II, 1991, bls. 80-82.

17. Guðmundur Ólafsson og Helgi Þorláksson, *Staða fornleifaskráningar á Íslandi* 1995, Reykjavík, Þjóðminjasafn Íslands, (Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar, 1995 : I).

18. Þessar skrár hafa ekki verið gefnar út, en höfundar þeirra hafa birt stuttar greinar í héraðsritum um afraksturinn: Ágúst Ólafur Georgsson, « Fornleifaskráning í Stykkishólmshreppi », *Breiðfirðingur*, XLVI, 1988, bls. 85-95 ; - « Byggðaleifar í Fagurey », *Breiðfirðingur*, XLVII, 1989, bls. 7-24 ; Bryndís Róbertsdóttir, « Um fornleifafræði í Biskupstungum », *Litli-Bergþór. Málgagn Ungmennafélags Biskupstungna*, VIII, 1, 1987, bls. 9-12 ; Guðrún Kristinsdóttir, « Fornleifaskráning í Norðfirði », *Glettingur. Tímarit um austfirsk málefni*, X, 1996, bls. 14-17.

Nýskipan fornleifavörslu

Þó nær ekkert hafi verið prentað af þeim minjalýsingum sem unnar voru fyrir sveitarfélögin á áttunda og níunda áratugnum, var allt þetta starf mikilvægur liður í þróun málafloksins. Með aðferðum úr ýmsum áttum tókust skrásetjarar á við íslenskan efnivið og þreifuðu fyrir sér um tilhögun skráningar. Þeir sem helst létu sig málefnið varða leituðust einnig við að draga saman helstu rökin fyrir gildi fornleifaskráningar og háðu pólitískra baráttu fyrir eflđri skráningu. Hið fjölbreytta skráningarstarf sem unnið var á Íslandi frá því er þjóðminjalög voru sett 1969 skilaði því mikilvægri reynslu sem ný löggjöf var byggð á. Með nýjum þjóðminjalögum 1989 varð bylting í málefnum fornleifaverndar. Minjavardarmenn renna nú þakklátum huga til þeirra er unnu að því að fá pólitískt gildi fornleifaskráningar lögfest.

Þegar árið 1983 kynnti Guðmundur Ólafsson mótaðar hugmyndir um forsendur, markmið og framkvæmd heildarskráningar fornleifa á landinu. Hann benti á að enginn vissi "hve margar sýnilegar fornleifar eru til í landinu" og heldur ekki hve margar eru eyðilagðar á ári hverju. Hann taldi heillavænlegast að knýja fram breytingu á þjóðminjalögum þannig að allar fornleifar væru friðhelgar og þannig yrði eyðileggingunni hamlað. En forsenda þessarar lagabreytingar væri skipuleg skráning fornleifa. Hann lagði jafnframt áherslu á að koma yrði niðurstöðu skráningar á framfæri og prenta efnið og benti hann á að fornleifaskráning gæti orðið mikilvægt hjálpartæki við alla skipulagsvinnu¹⁹.

¹⁹. Guðmundur Ólafsson, "Fornleifaskráning" , art. cit., pp. 11-14

Með nýjum lögum 1989 voru hin nýju viðhorf í skipulags- og skráningarmálum fest í sessi. Samkvæmt nágildandi þjóðminjalögum eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar. Á þetta jafnt við um fornleifar sem eru þekktar og sýnilegar sem og fornar mannvistarleifar er koma í ljós við jarðrask. Nú er jafnframt skylt að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum og friðlýstar minjar ber að fára á á skipulagskort²⁰. Með nýjum lögum var aukið við stjórnsýslu þjóðminjavörslunnar og tóku þjóðminjaráð og fornleifaneftnd til starfa. Auk breytinga á löggjöf um menningararfinn voru árið 1993 sett ný lög um mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda og skipulags, sem tryggðu enn varðveislu minja og framgang almennrar fornleifaskráningar sem undanfara skipulagsgerðar²¹. Um þessa löggjöf verður nánar fjallað hér að neðan.

Á síðustu árum hefur skráning á fornleifum stóraukist og framkvæmd hennar verið færð til samræmis við löggjöfina. Fornleifastofnun Íslands, sem starfar einkum að fornleifaskráningu²², hefur nú á skrá rúmlega 15.000 minjastaðir og er áætlað að á landinu öllu séu um 250.000. Hefur því einungis um 6% minjastaða verið fært á skrá.

Þegar þetta er ritað stendur fornleifaskráning yfir í Grafningi, á Akranesi, í Bolungarvík, á Akureyri, í Eyjafjarðarsveit, í Skútustaðahreppi, í Hjaltastaðaþinghá og í Fellahreppi. Það er ljóst af stöðu fornleifaskráningar að einungis agnarlítíð brot af fornleifum á Íslandi er þekkt og eiga fornleifafræðingar því langt í land að ná heildarmynd af gerð minja í landinu.

Lögverndun minja

Árið 1989 urðu straumhvörf í íslenskri minjavernd er Alþingi samþykkti ný lög (nr. 88/1989) um þjóðminjavörslu í landinu, þar sem fornleifskráning varð lögbundin forsenda skipulagsvinnu. Tvívegis hafa verið gerðar breytingar á lögnum (sbr. lög nr. 43/1991 og lög er

20. *Stjórnartíðindi*, A, þjóðminjalög, nr. 88/1989; - lög um breytingu á þjóðminjalögum, nr. 43/1991 ; - lög um breytingu á þjóðminjalögum nr. 98/1994.

21. *Stjórnartíðindi*, A, lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993.

22. *Stjórnartíðindi*, B 62-65, Skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Fornleifastofnun Íslands, nr. 396/1995.

samþykkt voru 7. maí 1994) og tóku síðari breytingarnar gildi 1. júlí 1994. Í 18. gr. laganna er kveðið á um fornleifaskráningu: "Skylt er að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess...". Þá ber jafnframt að færa friðlýstar minjar á skipulagskort.

Samkvæmt 17. gr. laganna eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifaneftnar komi til." Á þetta jafnt við um fornleifar sem eru þekktar og sýnilegar og þær fornleifar sem koma í ljós við jarðrask af einhverju tagi (20. gr.). Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum til ríkissjóðs eða þyngri refsingu (sbr. 52. gr.). Samkvæmt þjóðminjalögum (21. gr.) ber þeim sem fyrir meiriháttar framkvæmdum standa skylda til að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum.

Í lögunum (16. gr.) eru fornleifar skilgreindar á eftirfarandi hátt: "Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á...", "Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar...".

Í þjóðminjalögum (7. gr.) er fornleifum skipt í two flokka: a) "menningarsögulegar minjar", sem eru "ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornleifar og gömul mannvirki" og "staðir sem tengjast menningarsögu". b) "þjóðminjar" eru hins vegar "...þær minjar um menningarsögu Íslendinga sem ákveðið hefur verið að varðveita [í söfnum, eða]... með friðun".

Nánar verður fjallað um skilgreiningu á fornleifum síðar.

Ef talið er að rannsaka þurfi fornleifar sem eru í hættu vegna framkvæmda á borð við vegagerð, virkjanagerð og veitulagnir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af rannsóknunum. Nýleg dæmi eru um verulegar tafir á framkvæmdum sem og þungan kostnaðarauka, þegar fornleifar hafa komið í ljós við jarðrask. Með nákvæmri fornleifaskráningu er hægt að minnka líkurnar á slíku og augljóst að hér fara hagsmunir þeirra sem standa að framkvæmdum saman við stefnumál minjavörslunnar.

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993, voru samþykkt á Alþingi 8. maí 1993 Markmið laga um umhverfismat (sbr. 1. gr.) er "að tryggja að áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna, vegna staðsetningar, starfsemi sem þeim fylgir, eðlis eða umfangs, að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag hafi farið fram mat

á umhverfisáhrifum, svo og að tryggja að slíkt mat verði fastur liður í gerð skipulagsáætlana." Í lögnum kemur fram að þau taki til allra framkvæmda "sem kunna að hafa umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag" (sbr. 4. gr.). Í 5. gr. laganna eru sérstaklega tilgreindar framkvæmdir sem eru háðar umhverfismati, þær eru: virkjanir, lagning háspennulína, malarnám, þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn utan byggða, förgunar- og sorpeyðingarstöðvar, málmbræðsluverksmiðjur, efnaverksmiðjur, vegagerð, járnbrautir, flugvallagerð, og hafnagerð. Ekki er fengin nema takmörkuð reynsla af þessum nýju lögum, enda er "umhverfismat" nýtt hugtak í löggjöfinni. Árið 1993 kom út "Skýrsla um umhverfismat í Skútustaðahreppi", og var það fyrsta tilraunarverkefnið á þessu sviði. Þar er að finna kafla um menningarminjar, ástand þeirra, verndun, friðun og kynningu. Í því verkefni var ekki byggt á fornleifaskráningu, þar eð slík skráning hefur ekki farið fram, en látið nægja að gera skyndikönnun á heimildum um fornleifar á svæðinu. Fornleifaskráning í Eyjafirði er fyrsta umfangsmikla skráningarverkefnið á landinu nú eftir gildistöku laga um umhverfismat. Mun því reyna á að þessi skráning einfaldi og flýti fyrir ákvörðunum um landnotkun og framkvæmdir, á forsendum löggjafar um verndun fornleifa og umhverfis.

Í anda umhverfisverndar þessa áratugar hafa viðhorf til verndunar og vörslu fornminja breyst og er ljóst að stemma þarf stigu við frekari eyðingu menningarverðmæta við jarðrask og framkvæmdir.

Hlutverk sveitarfélaga við framkvæmd laganna

Hvergi er í löggjöfinni kveðið á um hlutverk sveitarfélaga við fornleifavernd, en s.l. 20 ár hefur fornleifaskráning verið unnin nær eingöngu á kostnað þeirra. Ljóst er að það eru hagsmunir þeirra að til séu nákvæmar og aðgengilegar upplýsingar um menningarminjar í héraði. Fornleifar eru auðlindir sem ekki er hægt að varðveita né hafa tekjur af nema fyrir liggi upplýsingar um staðsetningu þeirra og gerð. Það er og mikilvægt að hægt sé fletta upp í ábyggilegum skram um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðaþjónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsingar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði. Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna

svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánu samstarfi við sveitarstjórnir og með hliðsjón af þörfum þeirra.

Fornleifaskráning í þágu skipulagsvinnu

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á undanförnum áratugum. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegum upplýsingum um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbindingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum, og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförnum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu. Svæðisskráning er gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, aðalskráning fyrir aðalskipulagsgerð og deiliskráning fyrir deiliskipulagsgerð. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbindingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulagan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Hvað eru fornleifar?

Í þjóðminjalögum er gefin skilgreining á fornleifum. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við framkvæmd fornleifaskráningar og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir, skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir, sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands, hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar hafa átt að hafa búið.

Samkvæmt lögunum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar en við fornleifaskráningu er yfirleitt notuð aðeins víðari skilgreining. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem eru vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujárn) og mannvirki eins og heimarfstöðvar, sundlaugar, upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld, fiskplön, áveituskurðir og hverskyns minjar aðrar sem tengjast umbreytingum í atvinnuvegum

og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Minjar sem tengjast seinni heimstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess (vegir, flugvellir, braggahverfi, skotgrafir o.s.fr.v) eru einnig skráðar. Þær heimildir sem stuðst er við í svæðisskráningu geyma yfirleitt mjög lítið af upplýsingum um nútíminnar og er því ekki að vænta heildstæðs yfirlits um þær fyrr en á stigi aðalskráningar.

3. Kafli Stefnumótun

Árið 1995 gerði Fornleifastofnun, í samvinnu við Minjasafnið á Akureyri, tillögur um stefnu og framkvæmd fornleifaskráningar í landi Akureyrar²³. Samkvæmt þeirri áætlun var ráðgert að vinna aðalskráningu fornleifa í nokkrum áföngum samhliða deiliskráningu. Var hafist handa við fornleifaskráningu á Akureyri 1996 og mun því verki verða lokið árið 1999. Fyrsta áfanga aðalskráningar er þegar lokið og öðrum lýkur á yfirstandandi ári en einnig hafa tveir deiliskráningaráfangar litið dagsins ljós, í s.k. Naustahverfi²⁴ og Krossaneshaga²⁵. Á grundvelli þeirrar vinnu sem liggur fyrir er nú unnt að kynna drög að stefnumótun Akureyrarbæjar á sviði fornleifaverndar.

Hversvegna stefna í fornleifavernd?

Friðun og verndun minja á Íslandi er skammt á veg komin og er meginorsókin einfaldlega skortur á upplýsingum um staðsetningu minja. Er fornleifaskráningu m.a. ætlað það hlutverk að bæta úr því. En hér má einnig benda á aðrar orsakir. Frá því er fyrstu þjóðminjalög voru sett 1907 hefur verið gert ráð fyrir mikilli miðstýringu í minjavörslu, þar sem ábyrgð og eftirlit hefur verið á höndum Þjóðminjasafns í Reykjavík og að takmörkuðu leyti sýslumanna í hverri sýslu. Hefur þessi stefna ekki reynst árangursrík, enda eru flestir

²³ Adolf Friðriksson, Birna Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson, *Fornleifaskráning á Akureyri. Greinargerð um stefnu, aðferðir og framkvæmd*, FS010, Akureyri 1995.

²⁴ Birna Gunnarsdóttir, *Fornleifaskráning í Eyjafirði IV: Deiliskráning Naustahverfis*, FS004, Akureyri 1995.

²⁵ Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1996) *Fornleifaskráning í Eyjafirði VII: Deiliskráning í Krossaneshaga*, Minjasafnið á Akureyri & Fornleifastofnun Íslands, FS017 - 95024, Akureyri.

minjastaðir mjög fjarri höfðustaðnum og eftirlit með þeim illviðráðanlegt vegna vegalengda. Með nýjum lögum 1989 hefur fyrirkomulag á minjaeftirliti tekið breytingum. Nú er gert ráð fyrir minjavörðum úti á landi sem m.a. annast eftirlit á tilteknun minjasvæðum. Þannig verður ábyrgð og eftirlit færð nær sjálfum minjastöðunum og er það til bóta. Óvissa ríkir um framtíð þessa fyrirkomulags en ljóst er að frumkvæði að verndun, rannsóknum og kynningu fornleifa hefur þegar færst frá ríkisvaldinu í hendur sveitarfélaga. Hvað sem um minjavarðarembættin verður eru sveitarfélög óðum að gera sér grein fyrir að engir aðrir aðilar eru jafnvel í stakkbúnir og þau til að nýta þær auðlindir sem fornleifar eru, hvort sem er í barnakennslu eða ferðamannaiðnaði. Á næstu árum er þess því að vænta að sveitarfélög - hvert í sínu lagi eða í samtökum, móti sér sérstaka stefnu um minjavernd sem tekur mið af þörfum þeirra og íbúa á hverju svæði. Mun sú stefnumörkun verða grundvölluð á árangri fornleifaskráningarstarfsins sem nú er unnið að. Á Akureyri, þar sem skráning er þegar vel á veg komin og unnin í samráði við skipulagsyfirvöld bæjarins eru aðstæður ákjósanlegar til að hefja móturn friðunarstefnu sem tekur mið af áhuga og óskum Akureyringa um varðveislu og kynningu menningarverðmæta.

Engin fordæmi eru fyrir því að sveitarstjórn hafi sett sér stefnu eða markmið í verndun fornleifa hér á landi, en í kjölfar aukinnar fornleifaskráningar í þéttbýli eru líkur á að fleiri myndi slíka stefnu að fyrirmund Akureyrar. Hér er vert að reifa hversvegna er mikilvægt að sveitarstjórnir hafi slíka stefnu.

Friðun minja á Akureyri

Til þessa hafa bæjaryfirvöld á Akureyri ekki stuðlað að verndun fornleifa í bæjarlandinu, en fornleifaskráning er fyrsti áfanginn í þá átt. Þjóðminjavörður hefur heldur ekki gert sérstakar ráðstafanir til varðveislu minja á Akureyri til þessa, með þeirri einu undantekningu að svokallaðir Dómhringir í landi Lögmannshlíðar voru friðlýstir árið 1980. Svæðið var reyndar sléttað 1935 og minjunum því verulega raskað. Á Akureyri eru hinsvegar u.p.b. 320 minjastaðir samkvæmt fyrilliggjandi gögnum úr þeirri skráningu sem nú stendur yfir.

Athyglisvert er að hyggja að stöðu húsafríðunarmála á Akureyri í þessu samhengi. Staða rannsókna á gömlum húsum er afar góð og útgefin rit um húsakönnun í bæjarlandinu til fyrirmynadar. Einnig má nefna Byggingarlánasjóð, sem hefur það hlutverk að stuðla að varðveislu gamalla húsa. Akureyrarbær er eina sveitarfélagið fyrir utan Reykjavík sem veitir reglulega styrki til húsafríðunar og árangur þessa sýnir sig berlega í bæjarlandinu. Ekki er til slíkur sjóður til að mæta kostnaði vegna verndunar minja.

Það er hefðbundin skoðun á Íslandi að í þéttbýli séu fáir markverðir minjastaðir. Í “Greinargerð” (bls. 33) með núgildandi aðalskipulagi Akureyrar er kaflinn um fornleifar stysti kafli bókarinnar. Þar eru Dómhringir nefndir og svo segir um aðrar minjar: “Nokkuð er um aðrar mannvistarminjar, svo sem tóftabrot, gamlar götur o.p.h. í bæjarlandinu, en engar mjög gamlar eða merkar, svo vitað sé.” Lýsir þessi umsögn stöðu þekkingar um fornleifar í kaupstaðarlandinu. Er yfirstandandi skráningarástarfi ætlað að bæta úr því. Ekki er gagn að skrá minjar einvörðungu heldur er óhjákvæmilegt að móta stefnu í minjavörslu á skráningarsvæðinu og nýta þannig árangur skráningar til virkrar minjaverndar í héraði. Hér er hvatt til þess að bæjaryfirvöld hafi sjálfstæða stefnu í verndun fornleifa í kaupstaðnum, rétt eins og þau hafa haft margvíslegt frumkvæði í verndun gamalla húsa, húsarannsóknum, söguritun og annarri menningar- og vísindastarfsemi. Jafnframt er mælst til þess að slík stefna verði grundvölluð á núgildandi lögum um friðhelgi fornleifa og taki mið af ríkjandi sjónarmiðum í almennri umhverfisvernd. Hér er lagt til að bæjaryfirvöld geri það að stefnu sinni að allar fornleifar í bæjarlandinu verði verndaðar. Umfjöllun um stefnu Akureyrarbæjar í minjavernd má skipta í nokkra þætti og verður nú fjallað um hvern þeirra fyrir sig.

Boðleiðir

Ekki nægir að bæjaryfirvöld aðhyllist hugmyndir um fornleifavernd, heldur verður framkvæmd hennar að vera tryggð. Forsenda þess er að ákvarðanir um fyrirhugaða landnýtingu séu byggðar á upplýsingum um fornleifar á hinu tiltekna svæði. Hér verða tekin tvö nýleg dæmi er sýna ókosti þessa að ekkert boðskiptakerfi er enn fyrir hendi. *Aðalstræti 9.* Um þær mundir sem aðalskráning fornleifa hófst á Akureyri vorið 1996, var grafið fyrir húsgrunni á lóð nr. 9 við Aðalstræti. Var það síðasta óbyggða lóðin á gömlu

Akureyrinni. Þar hófst saga kaupstaðarins og þær fornu mannvistarleifar sem þar leyndast eru ókannaður vitnisburður um fyrri kynslóðir Akureyringa og athafnalíf á eyrinni frá því á 16. öld. Engar minjar voru sjáanlegar á yfirborði en við framkvæmdina var grafið í gegnum meira en metersþykk mannvistar�og og fornleifar gereyðilagðar á stóru svæði. Er nú um seinan að hefja þar fornleifarannsókn, sem hefði getað varpað nýju ljósi á sögu þéttbýlismyndunar við Eyjafjörð og kafli úr sögu Akureyrarkaupstaðar að eilífu glataður. Hefði árið 1996 verið til staðar boðskiptakerfi þar sem leyfi til nýbygginga og annarra framkvæmda væri afgreitt með hliðsjón af fornleifavernd, hefði framvinda mála orðið önnur og þessum markverðu heimildum um sögu bæjarins verið borgið. Í þessu tilfelli hafa framkvæmdaaðilar það sér til málsbóta að fornleifaskráning var ekki hafin á þessu svæði og því engar upplýsingar um minjar þar fyrirliggjandi.

Naustahverfi. Í ágústmánuði 1995 gerði Fornleifastofnun í samvinnu við Minjasafnið deiliskráningu fornleifa í deiliskipulagsreitnum í landi Nausta fyrir bæjaryfirvöld. Var því verkefni ætlað að þjóna fyrirhugaðri skipulagsvinnu á svæðinu og var jafnframt fyrsta verkefni sinnar tegundar á landinu. Í skýrslu um skráninguna kom m.a. fram að fundist hafi 16 minjastaðir innan deiliskipulagsreitsins²⁶. Þar er jafnframt gerður samanburður á fyrirliggjandi aðalskipulagstillögu og fornleifaskrá. Hann sýndi að austasti hluti fyrirhugaðs íbúðarhverfis sem og tengibraut skammt sunnan við Naustalæk myndu spilla þar einu fornleifunum sem sjáanlegar væru á yfirborði. Þá er ónefndur bæjarhóllinn og leifar útihúsa á Naustum, þar sem minjar hafa verið sléttتاðar, en mannvistarleifar eru undir sverðinum.

²⁶. Birna Gunnarsdóttir (1995): *Fornleifaskráning í Eyjafirði IV: Deiliskráning Naustahverfis*, Fornleifastofnun Íslands & Minjasafnið á Akureyri, FS004-95021, Akureyri.

Í október sama ár var efnt til samkeppni um heildarskipulag svæðisins og dómnefnd valdi verðlaunatillögu í júní 1997²⁷. Athygli vekur að í tillögu nr. 2 og nr. 4 er tekið tillit til sýnilegra fornleifa og þær færðar á skipulagsuppdrátti, en í verðlaunatillöggunni er ekki um fornleifar getið og gert ráð fyrir að reist verði mannvirki á minjastöðunum. Í áliti dómnefndar er ekki fjallað um áhrif tillagnanna á fornleifar, verndun þeirra eða mögulegt hlutverk sem áningarstaðir fyrir útvistarfolk eða hverfisbúa. Í lýsingu höfunda á tillögu sinni kemur fram að þeir hafi leitast við að finna "beinar sjónrænar tengingar" við hugmyndina um hverfið og vísa í málverk eftir Paul Klee og mynd af japónsku landbúnaðarhéraði. Einnig kemur fram að höfundar leggi áherslu á að skoða skipulagssvæði á vettvangi²⁸. Ljóst er að höfundar skipulagstillagna leggja mikinn metnað í þessi verk og leita jafnvel á mjög fjarlæg mið í starfi sínu. Þó er miður að tillagan taki ekki mið af þeirri nærtæku staðreynd að Naust eru fornbýli og þar eru fornleifar sem með lágmarkshugmyndaflugi mætti auðveldlega fella inn í fyrirhugaða byggð, auka þannig gildi hennar og tryggja tengsl væntanlegra íbúa við næsta umhverfi sitt og fortíð þess. Þetta er sá veruleiki sem íslenskir hönnuðir búa við, og er sýnt að enn er langt í land að fornleifavernd verði fastur liður í skipulagsgerð. Upplýsingar um fornleifar lágu nú fyrir, en verðlaunatillagan gengur einna lengst í fyrirhuguðum minjaspjöllum, þar sem gert er ráð fyrir að fornleifar verði að víkja fyrir vegum, húsum og trjárækt.

Stefna Akureyrarbæjar ætti því að miða að því að komið verði á laggirnar fyrifram skilgreindum boðleiðum milli Minjasafnsins, bæjarstofnana, skipulagshönnuða og annarra sem áhrif hafa á ákvarðanir um landnýtingu í landi Akureyrarbæjar í framtíðinni. Slíkar boðleiðir þurfa einnig að vera studdar skýrum viðmiðum þannig að það þurfi ekki að vefjast fyrir mönnum hvað á að gera við fornleifar eða hvað það hefur í för með sér ef þeim er raskað.

Útgáfa

27. Naustahverfi. Hugmyndasamkeppni. Niðurstaða dómnefndar. Tillögurnar, Akureyrarbær, júní 1997.

28. Sbr. "Arkitektúr - frá hugmynd að verðlaunatillögu, DV, 24. júní 1997.

Útgáfa á fornleifaskrá og skyldu efni er hornsteinn fornleifaverndar. Í kaflanum um fornleifar og sveitarfélög var m.a. rakið hver urðu afdrif hinna ýmsu skráningarverkefna á áttunda áratugnum. Nálega ekkert af þeim gögnum var gefið út og eru þau nú óaðgengileg og flestum gleymd. Útgáfa og önnur dreifing upplýsinga um fornleifar í bæjarlandinu og nágrenni þess verður að vera liður í umhverfisstefnu Akureyrar. Gildi útgáfu liggar fyrst og fremst í miðlun upplýsinga um fornleifar til þeirra sem eftir þeim leita, en hún kallar einnig á viðhorfsbreytingu meðal almennings. Helsta ógn fornleifa er það sjónarmið að þær séu ómerkar, og sú hefð að virða löggjöf um verndun þeirra að vettugi. Gegn þessu má vinna á jákvæðan hátt. Með útgáfu á aðgengilegum skrám annarsvegar, og snotru og alþýðlegu efni til fróðleiks og skemmtunar hinsvegar, er dregið fram menningarsöulegt gildi minjastaða sem mönnum er jafnan hulið sjónum.

Stefna Akureyrbæjar í verndun fornleifa ætti því að miða að því að upplýsingar um fornleifar séu aðgengilegar hönnuðum og starfsmönnum bæjarins í gagnakerfi bæjarins. útgefnar á bók og/eða í landfræðilegu upplýsingakerfi og jafnframt að gert verði kynningarrefni um fornleifar fyrir skóla og ferðamenn.

Rannsóknir

Á Akureyri og í Eyjafirði eru margir áhugaverðir rannsóknarstaðir. Rétt eins og bæjarfélagið hefur staðið fyrir sagnfræðirannsóknum er eðlilegt að það hafi stefnu eða áætlun um fornleifarannsóknir. Sveitarfélög eru vitaskuld ekki rannsóknarstofnanir, en fornleifarannsóknir eru eða geta engu að síður verið hluti af starfsumhverfi þeirra. Ástæður þessa eru einkum tvennskonar:

a) Björgunargröftur: Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga geta valdið því að gera þurfi rannsókn á fornleifum, s.k. björgunargröft. Fá dæmi eru um að sveitarfélög gangist fyrir fornleifarannsóknum í vísindaskyni líkt og Reykjavíkurborg gerði í Viðey er björgunargrefti sleppti. Sá annmarki er á björgunargröftum að í þá er jafnan ráðist með litlum fyrirvara og minni fyrirhyggju, þarfir framkvæmda ráða mestu um vinnuhraða og vinnulag og þegar frumgögnum hefur verið bjargað er yfirleitt lítil áhersla lögð á að ganga frá niðurstöðum til útgáfu. Björgunargreftir hafa því oft mjög takmarkað gildi og hafa fornleifafræðingar víða um heim komist að því að einfaldasta leiðin til að sporna gegn

þessu er að hafa fyrirfram mótaða stefnu í rannsóknum á þeim svæðum þar sem björgunaruppgreftir gætu átt eftir að eiga sér stað. Þetta er auðveldast viðureignar í þéttbýli og landlitum sveitarfélögum eins og Akureyri þar sem fornleifar eru vel þekktar fyrir. Þar er hægt aðskilgreina nokkrar vísindalegar spurningar sem hafðar verða að leiðarljósi við tilfallandi björgunargrefti en það ætti að stuðla að því að uppröfturinn fái gildi í menningarsögulegu samhengi og þyki nógu áhugaverður til að kostað verði kapps að ganga frá niðurstöðum og kynna þær almenningi. Þar sem minjastaðir eru ekki ótæpilega margir, eins og á Akureyri, er jafnvel hægt að skilgreina fyrirfram spennandi álitamál varðandi hvern stað sem rannsókn þar gæti varpað ljósi á. Ef bæjarfélagið hefur sjálfstæða stefnu í rannsóknum myndi það jafnvel minnka bilið á milli björgunargrafta og vísindarannsókna. Það eykur vísindalegt gildi björgunargrafta og gæti auðveldað og flýtt ákvörðunum um hvernig og hvort láta eigi fornleifar víkja fyrir nýframkvæmdum.

b) Menningarsaga héraðsins: Fornleifarannsóknir bæta nýjum heimildum við íslenska sögu og menningu, en geta einnig varpað nýju ljósi á héraðssöguna. Í nágrenni Akureyrar er af nógu að taka af áhugaverðum rannsóknarstöðum. Væri fengur að nýjum rannsóknum á kaupstaðarminjum á Gáseyri, klausturleifum á Munkaþverá og meintum vorþingstaðaleifum í Búðalág í landi Eyrarlands. Á sviði eyfirskrar héraðssögu eru rannsóknir á elstu þéttbýlismyndun á Akureyri fornvitnilegt viðfangsefni, en einnig væri vert að skoða eldri leifar, s.s. leifar fornþylanna innan bæjarmarka. Á Syðra-Krossanesi er t.a.m. enn óskertur bæjarhóll sem hefur að geyma sögu byggðar allt frá landnámi til okkar daga, því skammt frá bænum hafa fundist leifar kumla. Kunna jafnvel enn að leyhnast þar grafir sem fyrirhugað er að leggja Krossanesbraut skammt austan við Syðra-Krossanesbæ.

Útvist - kynning Ferðamenn og minjar

Til þessa hefur Ísland einkum verið kynnt erlendis sem náttúruparadís, spennandi áfangastaður fyrir þá sem vilja kynnast stórbrotnu landslagi og tiltölulega óspilltri náttúru, enda hefur landið upp á margt á bjóða fyrir áhugafólk um náttúruskoðun. Það er hins vegar vaxandi áhyggjuefni að umhverfi sumra vinsælustu staðanna er nú í stórhættu vegna átroðnings ferðamanna. Hjá ferðamálayfirvöldum er áhugi á að finna leiðir til að dreifa fjöldanum á fleiri staði, bæði til að

auka fjölbreytni og til að koma í veg fyrir náttúruspjöll á mest sóttu stöðunum. Það vekur að vonum undrun að minjastaðir og aðlaðandi kynning á þeim hafa til þessa ekki verið nýtt í þágu ferðaþjónustu. Í hinni öru þróun sem ferðaþjónustan hefur verið, hefur kynning á menningu og sögu þjóðarinnar orðið útundan, og fjöldi erlendra ferðamanna fer héðan án þess að hafa nema mjög óljósa hugmynd um þjóðina sem býr hér.

Löngum hefur verið talið að hérlandis væru engar fornleifar sem vert væri að sýna eða kynna. Þetta viðhorf helgast eflaust að miklu leyti af samanburði við stórfenglega minjastaði erlendis, þar sem víða má sjá rústir mannvirkja sem voru reist af meiri efnunum og úr varanlegri efniviði en það sem forfeður okkar hafa skilið eftir sig. Rústir torfbæja og annarra mannvirkja úr íslenskri fortíð eru oft lítt áberandi í landslaginu og hafa ekki þótt verðskulda mikla athygli. Sú afstaða hefur e.t.v. að nokkru leyti stjórnast af því að torfbærir og úтиhús úr torfi voru víða í notkun langt fram á þessa öld, en þegar ný hús voru reist þóttu þau gömlu minna á erfiða tíma sem best væri að gleyma, eða lítil ástæða til að varðveita minjar um. Fyrir þær kynslóðir sem eru fæddar og aldar upp í þéttbýli eru þessar minjar hins vegar vitnisburður um framandi lífshætti og fjarlæga fortíð og sem slíkar eru þær ónýtt auðlind til afþreyingar og fræðslu. Í augum erlendra gesta eru tóftabrot vissulega forvitnilegir skoðunarstaðir. Tóftir íslenskra torfbæja eru áþreifanlegar minjar um búsetu á norðurhjara Evrópu, þar sem húsaskipan og búsýsla markast mjög af þeim afarkostum sem óblíð náttúran og veðurlag setur. Vel varðveittar tóftir í fögru íslensku umhverfi gefa ferðalangi möguleika á að upplifa brot úr menningarsögu þjóðarinnar á eftirminnilegan hátt. Tóftarbrot eru verksummerki er standa sem hljóðir minnisvarðar um horfna lífsháttu fornþjóðar og minna á þann járnaldarsvip sem einkenndi íslenskt samfélag frá upphafi byggðar og fram á tuttugustu öld.

Ekki eru allir fornleifastaðir jafnvel til þess fallnir að þangað sé æskilegt að beina ferðamönnum. Þess eru mörg dæmi að skipulagðir hópar ferðamanna hafa viðkomu á stöðum á borð við Hlíðarenda eða Borg, þó þar séu engar sýnilegar minjar frá þeim tíma sem frægðarljómi þessara staða stafar frá. Sýnilegar og áhugaverðar minjar á sögufrægum stöðum heyra til undantekninga. Á Þingvöllum er vissulega sithvað er gleður augað og Snorralaug í Reykholti hefur löngum haft verulegt aðráttarafl. Stöng í Þjórsárdal er eina dæmið um stað þar sem uppgrafnar bæjarrústir eru hafðar til sýnis almenningu og er hann fjölsóttur þrátt fyrir lakan aðbúnað og samgöngutálma.

Gásir. Það er athyglisvert að hvergi á Norðurlandi hefur verið leitast við að kynna fornleifar fyrir ferðamönnum með skipulögðum hætti. Finna má áhugaverða sögustaði og aðlaðandi minjar í hverri sveit, en aðráttarafl þeirra er mismikið og aðstæður misgóðar til kynningar. Af þeim stöðum á Norðurlandi sem nú eru lítt þekktir en með réttu ættu að vera jafn aðgengilegir og kunnir og Þingvellir eða Reykholt, eru Borgarvirki, Hegranesþing og Gásir. Á öllum þessum stöðum falla saman helstu grundvallarforsendur fyrir velheppnaðri nýtingu á minjum í ferðaþjónustu. Hvað Gásir varðar þá eru þessar forsendur fólgar í eftirfarandi:

- 1) Staðurinn er einstakur. Hvergi á landinu eru jafn umfangsmiklar minjar um kaupstað frá miðoldum.
- 2) Minjarnar eru sýnilegar og vel varðveittar.
- 3) Góðir möguleikar eru á að gera staðinn aðgengilegan með minniháttar samgöngubótum og skipulagi.
- 4) Staðurinn er nærri fjölfarnasta þjóðvegi landsins. Hann er í námunda við stórt byggðalag með fjölbreytta þjónustu. Þar er öfugt byggðasafn er annast gæti kynningu og eftirlit á minjastaðnum á ferðamannatímanum.

Að þessu athuguðu má ljóst vera að kynning á Gásum er ekki einungis vel boðleg nýjung í ferðaþjónustu á Norðurlandi, heldur má og undrast yfir að ekki hafi verið ráðist í að kynna þennan stað löngu fyrr á þann veg að hann væri Íslendingum sem erlendum gestum jafn kunnur og þeir staðir á Suður- og Vesturlandi sem nefndir hafa verið. Til þessa hefur ekki verið ráðist í neinar framkvæmdir á Gáseyri. Eykur það enn gildi staðarins að þar er ekki að finna umhverfisspjöll á borð við steinsteypt minnismerki ofan í miðri tóft, eða upphlaðna búðarveggi, sem reistir hafa verið fremur af framkvæmdagleði en umhyggju fyrir varðveislu menningarverðmæta og nýtingu þeirra í framtíðinni. Eru mönnum því allar leiðir færar í að gera Gása og nánasta umhverfi að spennandi og aðlaðandi ferðamannastað. Áður en af því verður þurfa að fara fram uppmæling og rannsóknir á staðnum og nánasta umhverfi, enda fátt um staðinn vitað annað en það sem fram kemur í brotakennndum frásögnum í ritheimildum²⁹.

29. Sjá: Adolf Friðriksson, Birna Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson (1995): *Fornleifar og ferðamál í Eyjafirði: Rannsóknir og kynning á Gásakaupstað,*

Aðrar minjar. Á Akureyri og í nágrenni hennar eru hundruðir minjastaða sem heimamönnum og almenningi myndu finnast áhugaverðir ef þeir væru þekktir og upplýsingar um þá aðgengilegar. Eðlilegt væri að Akureyrarbær léti stefnu í minjakynningu ekki takmarkast við bæjarlandið, heldur allt héraðið, enda nýtur verslun og þjónusta á Akureyri aukins ferðamannastraums um héraðið öðrum fremur. Hér má nefna nokkur dæmi um ákjósanlegt samspil útiveru og minjaskoðunar.

- Víða í Eyjafjarðarsveit eru vel varðveisattar leifar selja og stekkja og annarra minja um horfna landbúnaðarhætti. Þessar minjar eru ofan byggðarinnar þar sem hún er nú og undir fjallsrótum. Væri það heppilegt að koma á gönguleiðum að þessum minjastöðum og útbúa fræðsluefnir um seljabúskap. Til dæmis mætti nefna gönguleiðir um Garðsárdal og úr Kjarnaskógi um fjallshlíðina niður að Grund. Í landi Akureyrarbæjar er einnig kragi af óspilltum fornleifum ofan og utan við byggðina, frá Kjarnaskógi og að Krossanesi þar sem tilvalið er að fella kynningu minjastaða að áætlunum um útvist.

- Stríðsminjar á Akureyri hafa flestar verið eyðilagðar við framkvæmdir á síðustu áratugum. Á Melgerðismelum er hinsvegar stórt stríðsminjasvæði sem hefur mikið varðveislugildi. Akureyrarbær gæti stuðlað að varðveislu minjanna með stuðningi við rannsóknir og framkvæmdir við kynningu á þeim. Um leið og minjar eru felldar að almennri ferðaþjónustu er stuðlað að minjavérnd, því það eflir það sjónarmið að fornar mannvistarleifar séu menningarsöguleg verðmæti og arfleifð sem skila þarf óskertri til komandi kynslóða.

4. Kafli Tillaga að stefnu í fornleifavernd

1. Það er stefna Akureyrarbæjar að varðveita allar fornleifar í bæjarlandinu, og stuðla að rannsóknum og kynningu á þeim menningararfí sem Akureyringum hefur fallið í skaut og skila honum í hendur komandi kynslóða.
2. Allir þekktir minjastaðir skulu færðir á skipulagsupprátt og áætlanir um landnýtingu lagaðar að menningarsögulegu landslagi bæjarlandsins. Þar er annarsvegar um að ræða sýnilegar minjar, tóftir og rústir sem ekki hefur verið spillt (A), og hinsvegar svæði þar sem vitað er um fornleifar í jörðu (B).
 - A. Gera skal skrá um sýnilegar minjar á útvistarsvæðum og öðrum opnum og óráðstöfuðum svæðum og miða við að þeim verði ekki spillt og að þær verði felldar inn í skipulag útvistar í bæjarlandinu.
 - i. Þar sem sýnilegar minjar eru skulu þær merktar með skilti þar sem fram kemur nafn og/eða hlutverk mannvirkisins. Á völdum stöðum verða sett upp skilti með ítarlegri upplýsingum um sögu og menningarsögulegt gildi staðarins.
 - ii. Sýnilegar minjar skulu gerðar aðgengilegar með stígagerð og leiðarvísum.
 - iii. Sýnilegum minjum skal halda við með því að slá gras á þeim og laga hleðslur sem eru að falli komnar.
 - iv. Sýnilegar minjar skulu kynntar Akureyringum og ferðamönnum með útgáfu fræðsluefnis og þær skulu einnig kynntar nemendum á grunnskólaaldri með kynnisferðum.
 - B. Svæði þar sem vitað er um fornleifar í jörðu skulu skilgreind svo nákvæmlega sem auðið er og auðkennd á skipulagsupprætti.
 - i. Nýframkvæmdir eða jarðrask skal ekki leyft á slíkum svæðum nema að undangenginni athugun og að fenginni umsögn Minjasafnsins á Akureyri.
 - ii. Gera skal rannsóknaráætlun þar sem fram koma fræðileg álitamál er varða sögu kaupstaðarins og þróun byggðar á kaupstaðarlandinu. Sú áætlun verði höfð til hliðsjónar við ákvarðanatöku um aðgerðir þar sem jarðrask er fyrirhugað.
 - iii. Þar sem fornleifar koma í ljós við jarðrask á svæðum þar sem ekki var vitað fyrir um fornleifar skal stöðva framkvæmdir og láta fara fram vettvangsat hugun. Á grunni hennar skal síðan tekin ákvörðun um hvort ástæða sé til að hefja fornleifarannsókn eða hvort fornleifar skuli látnar víkja. Þar sem slík ákvörðun er tekin skal þó jafnan vera afdráttarlaust hvers eðlis fornleifarnar voru og láta gera skýrslu um það sem sást.

3. Upplýsingar um fornleifar skulu liggja hjá Minjasafninu á Akureyri, Skipulagsdeild bæjarins, Umhverfisstjóra bæjarins, Byggingafulltrúa og viðeigndi nefndum.

i. Halda skal við skrá um fornleifar í bæjarlandinu. Fornleifaskrá Akureyrarbæjar skal endurskoðuð jafnóðum og uppfærð skrá birt á 5 ára fresti.

ii. Skráin skal höfð til hliðsjónar við ráðstöfun lands og leyfisveitingar til framkvæmda og skal leita umsagnar Minjasafnsins þar sem sýnt er að fornleifar gætu skaðast eða orðið að víkja vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

4. Akureyrarbær setur sér rannsóknarstefnu, þar sem leitast verður við:

- a) að hafa frumkvæði að rannsóknum á sögu og menningu héraðsins.
- b) að gefa skyndirannsóknum og björgunargröftum skýrt fræðilegt gildi þannig að slíkar framkvæmdir skili sér beint í auðugara menningarlífi fyrir bæjarbúa.

i. Í rannsóknarstefnu bæjarins verður lögð áhersla á fjögur meginviðfangsefni:

- Landnám í Eyjafirði. Elsta byggð á Naustum, Eyrarlandi, Lögmannshlíð, Glerá og Krossanesi. Kuml í bæjarlandinu og nágrenni Akreyrar.
- Verslun og þinghald. Verslun á Gásum og Akureyri, þinghald í Kaupangssveit og á Oddeyri.
- Garðrækt. Kartöflu- og kálrækt í Eyjafirði á 18. og 19. öld, skrúðgarðarárækt á 19. öld.
- Seinni heimstyrjöldin í Eyjafirði. Stríðsminjar á Melgerðismelum og víðar í Eyjafirði.

5. Akureyrarbær gerir áætlun um kynningu menningarsögulegs efnis, þar með talið um fornleifar, fyrir grunn- og menntaskólanemum, íslenskum almenningi og erlendum ferðamönnum.

i. Gerð verða kort og annað aðgengilegt upplýsingaefni um staðsetningu minjastaða í landi Akureyrarbæjar og nærsveitum, um aðgengi að slíkum stöðum og menningarsögulegt gildi þeirra.

ii. Minjastaðir verði valdir til rannsókna og kynningar og upplýsingum um þá komið sérstaklega á framfæri, á landsvísu jafnt sem innanhéraðs.